

Yfirlýsing

um stofnun fólkvangs á Hleinum í Hafnarfirði.

1. gr.

Um friðlýsinguna.

Hafnarfjarðarkaupstaður, kt. 590169-7579, er samþykktur tillögu um stofnun fólkvangs á Hleinum að Langeyramölum í Hafnarfirði í samræmi við 55. greinar laga um náttúruvernd, nr. 44/1999.

Aðgengi að svæðinu er gott og það er því ákjósanlegt til fræðslu og útikennslu. Svæðið er 28,2 hektarar að stærð og er hluti af friðlýsingu búsvæða fugla við Álftanes og Skerjafjörð í samræmi við náttúruverndaráætlun 2004-2008.

2. gr.

Markmið friðlýsingarinnar.

Markmiðið með friðlýsingu svæðisins Hleina að Langeyramölum sem fólkvangs er að vernda fjöru og útivistarsvæði í föggu hraunumhverfi sem vaxið er náttúrulegum gróðri svo sem mosa- og lynggróðri. Jafnframt er það markmið friðlýsingarinnar að vernda búsetulandslag og menningarminjar, en á svæðinu eru tóftir, fiskreitir, grjóthleðslur, gerði, garðar og vagnslóðar.

3. gr.

Mörk fólkvangsins.

Mörk fólkvangsins afmarkast af eftirfarandi ISN-93 hnitum og eru sýnd á meðfylgjandi hnitsettum uppdrætti:

Hnit	X	Y
1	354404	400708
2	354813	400783
3	354973	400649
4	354923	400353
5	355021	400184
6	355006	400174

Mörkin milli punkta 4 og 5 liggja frá punkti nr. 4 yfir í suðvestanverð lóðamörk Sævangs 43. Áfram meðfram lóðamörkum í austurátt til og með suðvestur lóðamörk Sævangs 29. Frá suðaustur lóðamörkum Sævangs 29 yfir í suðvestur lóðamörk Sævangs 23, meðfram lóðamörkum Sævangs 23 og 19. Frá suðausturhorni Sævangs 19 (við Hjallabraut) í suðurátt meðfram Hjallabraut að norðaustur lóðamörkum Klettagötu 16. Þaðan til vesturs í lóðamörkum Klettagötu 16 og 17. Suður meðfram lóðamörkum Klettagötu 17 og 15 og áfram suður meðfram Klettagötu að norðaustur lóðamörkum Herjólfsgötu 12. Lóðamörk við Herjólfsgötu elt í suðvestur átt til og með Herjólfsgötu 40. Við suðvestur horn lóðar Herjólfsgötu 40 er Herjólfsgata þveruð yfir í punkt nr. 5.

Núverandi lóðir innan marka fólkvangsins eru undanskildar friðlýsingunni.

4. gr.

Umsjón fólkvangsins.

Umsjón og rekstur fólkvangsins skal vera í höndum umhverfisnefndar Hafnarfjarðarbæjar, samkvæmt samningi milli Umhverfisstofnunar og Hafnarfjarðarbæjar sem umhverfisráðherra staðfestir. Umhverfisstofnun skal sjá um gerð verndaráætlunar fyrir fólkvanginn í samráði við Hafnarfjarðarbæ, sbr. d-lið 6. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999.

5. gr.

Umferð í fólkvanginum.

Almenningi er heimil för um fólkvanginn, enda sé gætt góðrar umgengni. Í samræmi við samþykkt um hundahald er óheimilt að hafa hunda í fólkvanginum án fylgdar og tryggrar stjórnar. Akstur vélknúinna farartækja utan akvega er óheimill í fólkvanginum.

6. gr.

Verndun gróðurs, dýralífs, jarðmyndanana og menningarminja.

Óheimilt er að spilla gróðri og trufla dýralíf í fólkvanginum. Óheimilt er að hrófla við eða skemma á annan hátt jarðmyndanir í fólkvanginum. veiðar á dýrum sem valda tjóni eru heimilar í fólkvanginum en þó aðeins í samræmi við lög nr. 64/1994. Óheimilt er að hrófla við eða skemma á annan hátt menningarminjar á hinu friðlýsta svæði.

7. gr.

Landnotkun og mannvirkjagerð.

Allar framkvæmdir innan fólkvangsins eru háðar leyfi Hafnarfjarðarbæjar og Umhverfisstofnunar, sbr. 38. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999. Framkvæmdir skulu vera í samræmi við samþykkt skipulag og verndaráætlun. Gert er ráð fyrir merktum og stikuðum gönguleiðum og stígum í samræmi við deiliskipulag svæðisins. Gert er ráð fyrir aðstöðu í fólkvanginum til náttúruskoðunar og umhverfisfræðslu.

8. gr.

Undanþágur.

Umhverfisráðherra getur, að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og umhverfisnefndar Hafnarfjarðarbæjar, veitt heimild til þess að vikið verði frá reglum þessum í einstökum tilfellum gangi það ekki gegn markmiðum friðlýsingarinnar.

9. gr.

Refsiákvæði.

Brot gegn friðlýsingu þessari varðar sektum eða fangelsi allt að tveimur árum, sbr. 75. og 76. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999.

10. gr.

Gildistaka.


Friðlýsingin öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 3. apríl 2009.

Lúðvík Geirsson
bæjarstjóri

Vottar: _____

Uppdráttur af fólkvanginum Hleinum.



Hleinafólkvangur

í Hafnarfirði

- ⑥--- Fólkvangsmörk
- Mörk sveitafélaga
- Lóðamörk

Afmörkun svæðis:

Hnit ISN-93
Stærð 10,4 ha í sjó og
20,4 ha á landi.

hnit	x	y
1	354284	400686
2	354360	400699
3	354813	400783
4	354973	400649
5	354923	400353
6	355021	400184
7	354993	400166
8	354909	400112

0 200 400 600 M

1: 10.000



Kortagerð: Landslag ehf.
28. maí 2008

